

RANNSÓKNASKÝRSLUR FERÐAMÁLAEILDAR HÁSKÓLANS Á HÓLUM



Litla-Breiðuvík í Reyðarfirði - fornleifaskráning

Guðný Zoëga



HH 2023/1

© Ferðamáladeild Háskólans á Hólum / Guðný Zoëga

Útgefandi: Háskólinn á Hólum.
Sími (+354) 455 6300.
Vefpóstur: holar@holar.is
Veffang: www.holar.is

Titill: Litla-Breiðuvík í Reyðarfirði - fornleifaskráning

Höfundur: Guðný Zoëga

Ljósmyndir: Guðný Zoëga

Forsíðumynd: Horft til suðvesturs yfir bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur: Guðný Zoëga

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

ISBN 978-9935-9722-3-1

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Litla-Breiðuvík.....	6
Ágrip af sögu.....	6
Fornleifaskrá	7
Minjar í og við heimatún.....	7
Minjar sunnan túns og við Höfnina	12
Minjar norðan túns.....	18
Grasbýlið Bjarg.....	34
Óstaðsettar minjar	38
Samantekt.....	39
Minjar í Litlu-Breiðuvík	39
Hættumat.....	40
Niðurlag	40

Inngangur

Sumarið 2021 fór fram fornleifaskráning á þremur bæjum í fyrrum Helgustaðahreppi, Litlu-Breiðuvík (með grasbýlinu Bjargi), Stóru-Breiðuvík og Breiðuvíkurhjáleigu (sjá yfirlitsmynd af svæðinu aftast í skýrslu). Verkið var unnið fyrir Hjörleif Guttormsson sem hluti af skráningu 10 jarða í Vöðlavík og utanverðum Helgustaðahreppi í Reyðarfirði. Vegna fjölda minja var svæðinu skipt upp í tvær skýrslur, annars vegar með minjum í Litlu-Breiðuvík og hinsvegar með Stóru-Breiðuvík og Breiðuvíkurstekk. Verkefnið var unnið vegna undirbúnings að friðlýsingu Gerpissvæðisins en hluti þess var formlega friðlýstur þann 11. september 2021. Vettvangsskráning fór fram vikuna 10.-13. ágúst 2020. Undirbúningur og vettvangsvinna voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings og Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings. Úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Guðnýjar. Bryndís Zoëga og Hjörleifur Guttormsson lásu skýrsluna yfir.

Styrkur hlaust til verkefnisins frá Fjarðabyggð og Minjastofnun Íslands.

Heimildamenn:

Upplýsingar veittu eftirtaldir heimildamenn:

Viðar Vilhjálmsson frá Litlu-Breiðuvík og Heiðberg Hjelm á Útstekk.

Heimildamönnum eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2064

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær bæjarhóll Vöðla raðnúmerið 259 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2064-259]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Breiðavíkur jarðirnar þrjár eru hluti af stærra verkefni og því deila þær verkefnisnúmerinu 2064 með jörðunum Kirkjubóli og Krossavík í Vöðlavík og Karlskála í Reyðarfirði.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum landrofs vegna ágangs sjávar. Flestallar minjarnar teljast ekki í mikilli fyrirsjáanlegri hættu þar sem Litla-Breiðuvík er fremur úrleiðis þannig að umgangur er þar lítill. Hættumat gæti breyst ef fyrirhugaðar eru breytingar á svæðinu, s.s. byggingaframkvæmdir eða vegagerð. Þá verður að endurmeta hættumat. Í meginmáli skýrslunnar er hættumat einungis haft með ef minjarnar teljast í mikilli hættu. Annars er hættumat í hnitatöflu aftast í skýrslu.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.



Mynd 1. Horft til vesturs yfir bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur. Sléttað hefur verið úr umhverfi bæjarins og engar minjar greinilegar þar lengur. Númer útihúsa í heimatúni hafa verið sett inn á myndina þar sem húsin stóðu.

Litla-Breiðuvík

Ágrip af sögu

Litla-Breiðuvík var næst ysta býlið á norðurströnd Reyðarfjarðar. Litlu-Breiðuvík er upphaflega skipt út úr jörðinni Breiðuvík en jarðarinnar er fyrst getið árið 1504 þegar hún var ánöfnuð klaustrinu á Skriðu í Fljótsdal.² Árið 1918 varð hún bændaeign á ný.³ Árið 1703 búa 13 manns í Litlu-Breiðuvík en einungis sjö manns sex árum seinna.⁴ Í jarðamati frá 1686 er jörðin talin 10 hundruð en í Jarðatali Johnsens frá 1847 var jarðardýrleiki einungis sex hundruð og kúgildi eitt.⁵ Jörðin er nú komin í eyði.

Í Litlu-Breiðuvík var góð höfn og þaðan nokkur útgerð bæði heimamanna og annarra. Árið 1905 voru fimm norskir bátar gerðir þar út sumarlangt og 1913 voru 13 bátar með uppsátur í Litlu-Breiðuvík.⁶ Á útgerðarárunum voru þar töluverð umsvif s.s.sjóhús, vörugeymslur, lifrarbræðsla og íshús.⁷

Upp úr 1910 byggði Ungmennafélagið Freyja í Helgustaðahreppi samkomuhúsið Borgarhól á jörðinni og eftir stríð var reistur braggi við húsið. Við Hreggjarlæk austan heimatúns er grafreitir fríkirkjumanna í Reyðarfirði.

² Íslenskt fornbréfasafn VII, bls. 686.

³ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, bls. 95.

⁴ Tekið af síðu Þjóðskjalasafns, <https://manntal.is/> skoðað 18.04.2022.

⁵ Ólafur Lárusson, 1967, bls. 324; J. Johnsen, 1847, bls. 374.

⁶ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, bls. 96.

⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. Bind, bls. 96

Í landi Litlu-Breiðuvíkur var grasbýlið Bjarg stofnað árið 1905. Býlið átti hagagöngu fyrir eina kú og 40 kindur og uppsátur fyrir einn bát.⁸



Mynd 2. Yfirlitsmynd af minjum í heimatúni ofan vegar. Sjá kort 5 aftast í skýrslu.

Fornleifaskrá

Minjar í og við heimatún

Litla-Breiðuvík 2064-465

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Lýsing

Íbúðarhúsið sem enn stendur er steinhús byggt 1925. Árið 1918 stóð þar íbúðarhús út timbri, líklega framhús.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 96) segir: „Baðstofa fram yfir ,[19]10. Byggt timburhús í tótt á tvo vegu ,04 (?), og notað ásamt baðstofunni um tíma. Timburhúsið að stofni til enn í notkun, steipt utan á það. Annað timburhús byggt ,14, portbyggt, 3 herb. uppi, 2 niðri. Rifið nú.“

Í yfirmati fasteigna frá 1916-1918 (74) segir: Jarðarhús: Íbúðarhús úr timbri járnvarið, 18x10 ál. Baðstofa, eldhús, búr, fjós fyrir 5 naut, hesthús fyrir 4 hesta, haughús og safnþró 3 hlöður

⁸ Ásmundur Helgason, 1940, bls. 98.

fyrir 330 heyhesta. 5 sjóbúðir, 3 fjárhús fyrir 210 kindur, smiðja, timburhús, 9x8 áln. Skemma 6x8 fjós 6x4, hlaða 9x6 sjóhús.

Litla-Breiðuvík 2064-414

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku, um 50m SA af íbúðarhúsinu og um 10m ofan vegar eru sléttaðar leifar útihúss en þó mótar fyrir legu veggja.

Lýsing

Tóftin liggur NNV-SSA og er 7x 4m að utanmáli. Hún virðist tvískipt og líkist einna helst fjárhúsi með áfastri heytóft. Tóftin hefur verið sléttuð út og veggir eru mjög óverulegir, rétt um 10cm á hæð

Aðrar upplýsingar

Í yfirmati fasteigna frá 2016-18 (bls. 74) eru nefnd þrenn fjárhús og þrennar hlöður og hesthús fyrir fjóra hesta. Vera kann að þetta séu einhver þessara húsa.

Litla-Breiðuvík 2064-415

Hlutverk: Fjárhús og hlaða?

Tegund: Niðurgroftur, hleðsla

Staðhættir

Um 120 SSA af bæjarhúsunum er tóft eða einhverskonar niðurgroftur og uppmokstur eða garður.

Lýsing

Óvíst er hvort þarna hefur verið mannvirki eða hvort þetta sé aðeins niðurgroftur og hleðsla umhverfis hann að hluta. Í heildina er svæðið um 5x11m að stærð en 5x5m stórt ferkantað svæði hefur verið grafið niður í möl.

Aðrar upplýsingar

Heiðberg Hjelm telur að þarna hafi staðið fjárhús og hlaða. Húsin voru sléttuð í riðuhreinsunarátaki á 9. áratug 20. aldar.

Litla-Breiðuvík 2064-416

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á hæð, svokölluðum Neðri-Hreggjanda, um 300 SA af bænum er varða.

Lýsing



Mynd 3: Horft til SA yfir tóft eða garð [2064-415] austan túns.



Mynd 4. Varða [2064-416] austan bæjar, horft til vesturs.

Varðan er ágætlega hlaðin og stendur vel. Hún er 1,5m á hæð og grunnmál hennar um 80cm.

Litla-Breiðuvík 2064-417

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Efst á brekkubrún ofan bæjarstæðis Litlu-Breiðuvíkur ferköntuð einföld grjótröð

Lýsing

Steinalögnin er 1,5x2,5m að stærð og yfirgróin. Líklega er þarna um að ræða leikstað barna.

Litla-Breiðuvík 2064-418

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Niðurgröftur, hleðsla

Staðhættir

Efst í heimatúni um 80cm beint austur og upp af bænum er matjurtagarður.

Lýsing

Garðurinn er 10x17m að stærð. Hleðslan er umhverfis hann og er hún 40-70cm á hæð og um 70cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Trjágróður vex í garðinum.



Mynd 5. Horft til vesturs yfir hleðslu [264-417] á Bæjarbrún ofan túns.

Litla-Breiðuvík 2064-419

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofan brekku um 50m ofan við bæjarstæðið eru tóftir fjárhúss og hlöðu.

Lýsing

Um er að ræða tóft af fjárhúsi og hlöðu, 8x11m að stærð. Vegg hæð er 50-80cm og veggjabreidd er 1m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Viðar Vilhjálmsson segir þarna hafa staðið hús sem nefnd voru Miðhús.

Í yfirmati fasteigna frá 2016-18 (bls. 74) eru nefnd þrenn fjárhús og þrennar hlöður. Líklega er þetta eitt húsanna sem nefnt er þar. Erfitt var að greina nákvæma lögun og gerð vegna mikils gróðurs.

Litla-Breiðuvík 2064-420

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofan brekku um 50m ofan við bæjarstaðið eru leifar af grunni útihúss.

Lýsing

Um er að ræða nánast sléttan flöt um 3x7m að stærð, líklega hefur þarna verið tóft sem nú er búið að slétta. Til suðurs frá henni er 7m langur veggur eða garðlag.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Viðar Vilhjálmsson segir þarna hafa staðið fjárhús sem kölluðust Lambhús. Erfitt var að greina lögun byggingarinnar vegna mikils gróðurs. Í yfirmati fasteigna frá 2016-18 (bls. 74) eru nefnd þrenn fjárhús og þrennar hlöður. Líklega er þetta eitt húsanna sem nefnt er þar.

Litla-Breiðuvík 2064-466

Hlutverk: Matjurtagarður?

Tegund: Slétt flöt

Staðhættir

Um 70 norður af bæjarhúsunum er slétt flöt um 15m innan við bæjarlækinn.

Lýsing

Þarna er aflöng slétt flöt um 4x7m að stærð. Gæti verið grunnmál byggingar en engir veggir eru greinanlegir.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti eru sýndir tveir matjurtagarðar eða hús ofan við bæinn en óvíst er hvort þetta er annar þeirra.

Litla-Breiðuvík 2064-467

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 65m beint upp af bæjarhúsum er steipt fjárhúsbygging.

Lýsing

Þessi bygging virðist nokkurn veginn á sama stað og sjá má grjótt- og torfhlaðið fjárhús á ljós sem tekin var um 1970 (Sveitir og jarðir 3, bls. 96).

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Viðar Vilhjálmsson segir að þarna hafi verið steipt utan um eldri hús. Í yfirmati fasteigna frá 2016-18 (bls. 74) eru nefnd þrenn fjárhús og þrennar hlöður. Líklega er þetta eitt húsanna sem nefnt er þar.

Litla-Breiðuvík 2064-463

Hlutverk: Mylla?

Tegund: Niðurgroftur, hleðsla



Mynd 6. Horft til suðurs yfir tóft [2064-463], mögulega myllu, við Silungalæk. Í baksýn er steipt fjárhús [2064-467]

Staðhættir

Um 115m NNA af Litlu-Breiðuvíkurbæ er einhverskonar niðurgröftur og hrunin hleðsla á vesturbakka bæjarlækjarins.

Lýsing

Getið er um myllu við lækinn í Sveitum og jörðum en ekki víst hvar hún stóð. Á vesturbakka bæjarlækjar er að finna hleðslu um 2x3m að utanmáli. Hleðslan er mjög hrunin og því erfitt að gera sér grein fyrir nákvæmri lögun.

Aðrar upplýsingar

Í Búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi, bls. 96) segir: „ Myllutóttarbrott við Silungalæk.“

Litla-Breiðuvík 2064-468

Hlutverk: Óþekkt, Fjós?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Steinsteypt bygging er um 10m sunnan við íbúðarhúsið í Stóru-Breiðuvík.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Heiðberg Hjelm segir þarna hafa verið fjós og hlöðu. Óvíst hvort þetta er sama fjós og getið er um í fasteignamati 1916-1918.

Litla-Breiðuvík 2064-478

Hlutverk: Skurður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir að mikið sé um gamla, handgrafna skurði í túninu því að það sé deiglent.

Aðrar upplýsingar

Nokkrir handgrafnir skurðir eru í túninu og eru þeir skráðir hér sem heild



Mynd 7. Yfirlitsmynd af minjum á Hlein og við Höfnina. Sjá nánar kort 6 aftast í skýrslu.

Minjar sunnan túns og við Höfnina

Litla-Breiðuvík 2064-408

Sérheiti: Hlein

Hlutverk: Húsgrunnur

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á tanga, svokallaðri Hlein, um 320m suðvestan við bæjarstæði og fast vestan aðal hafnarinnar í Litlu-Breiðuvík eru leifar húsgrunns og þurrkreits [2064-479] fast vestan hans.

Lýsing

Húsgrunnurinn er um 4x8m á stærð. Grunnurinn liggur NV-SA og er syðri veggurinn lengri, um 7m en nyrðri veggurinn 5m og hefur hrunið af honum vestan til. Veggirnir eru rétt um 10cm á hæð og um 70cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Heiðberg Hjelm segir að grunnurinn sé undan húsi sem Rolf Johansen reisti, sem síðar var fært til Reyðarfjarðar og gengur þar undir nafninu Tærgesenshúsið. Í yfirmati fasteigna frá 1916 (bls. 76) segir: „Eigandi: R. Johansen kaupm. Reyðarfirði. 2 skúrar notaðir til geymslu á vörum.“

Litla-Breiðuvík 2064-409

Hlutverk: Sjóhús

Tegund:

Grunnur, steinsteypa

Staðhættir

Á Hlein, tanga um 320m suðvestan við bæjarstæði, fast vestan aðal hafnarinnar í Litlu-Breiðuvík eru leifar sjóhúss um 3m austan við húsgrunn [2064-408].



Lýsing

Mynd 8. Horft til vesturs yfir minjar ofan Hleinar.

Grunnurinn er grafinn

inn í brekkuna efst á tanganum en timburþil virðist hafa vitað í suður. Veggir grunnsins eru hæstir um 70cm þar sem þeir liggja upp við brekkuna.

Aðrar upplýsingar

Í yfirmati fasteigna frá 1916 (bls. 76) segir: „Eigandi: R. Johansen kaupm. Reyðarfirði. 2 skúrar notaðir til geymslu á vörum.“

Litla-Breiðuvík 2064-479

Sérheiti: Hlein

Hlutverk: Fiskreitur

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á Hlein, tanga um 320m suðvestan við bæjarstæði, fast vestan aðal hafnarinnar í Litlu-Breiðuvík eru leifar hleðslu fast vestan við hjall [2064-408].

Lýsing

Fast vestan húsgrunns [2064-408] eru leifar þurrkreits, einfalt lag af grjóti. Reiturinn hefur verið um 5x7m að stærð.

Litla-Breiðuvík 2064-476

Sérheiti: Höfnin

Hlutverk: Lending, höfn

Tegund: Heimild

Staðhættir

Aðalhöfnin í Litlu Breiðuvík er beint neðan bæjarstæðisins innan við svokallaða Hlein. Þarna er breið fjara og við hana leifar nokkurra sjóhúsa.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Litlu-Breiðuvíkur (bls. 1) segir: [...] Þá er Borgarhóll, þá Miðklöpp, svo Hlein, þá Höfnin (aðalhöfnin), utan við hana Háaklöpp.

Litla-Breiðuvík 2064-387

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Hleðsla, steinsteypa

Staðhættir

Um 270m niður frá bæjarstæðinu er höfnin og við hana nokkrar útgerðarminjar. Yst í fjörunni eru leifar húsgrunns, líklega af sjóhúsi.

Lýsing

Grunnurinn er grafinn inn í bakka ofan fjöruborðs og hefur brotið af honum hafmegin. Í bakkanum eru veggir hlaðnir úr grjóti með steypu á milli. Húsið hefur verið a.m.k. 5m að lengd eftir endilöngum bakkanum frá NV-SA og NV veggur er um 4m langur. Hæstur er veggurinn um 1,2m þar sem hann liggur inn í bakkann. Grunnurinn er nú mjög grasi gróinn.



Mynd 9. Horft til vesturs yfir sjóhús [2064-387] við Höfnina.

Litla-Breiðuvík 2064-388

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Hleðsla, steinsteypa

Staðhættir

Um 270m niður frá bæjarstæðinu er höfnin og við hana nokkrar útgerðarminjar. Yst í fjörunni eru leifar húsgrunns [2064-387], skammt innan og framan við það, efst í fjöruborði, eru leifar af öðrum sjóhúsgrunni.

Lýsing

Um er að ræða hlaðinn húsgrunn og er steypa á milli steina. Í húsinu eru tvö rými greinanleg en brotið hefur fram af því fjörumegin. Húsið liggur eftir legu fjörunnar, frá NV-SA. Lengd þess er 6m og suðaustur veggur sem liggur niður í fjöruna er um 3m langur. Í NV horni er minna afherbergi um 2x2m að stærð. Veggurinn er hæstur um 70cm og 30cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Gæti verið hluti af sjóhúsi [2064-387].

Litla-Breiðuvík 2064-389

Hlutverk: Sjóhús, grunnur

Tegund: Steinsteypa

Staðhættir

Um 270m niður frá bæjarstæðinu er Höfnin og við hana nokkrar útgerðarminjar. Neðst í túni um 10m ofan fjöru eru leifar steyppts húsgrunns.

Lýsing

Grunnurinn liggur eins og fjaran NV-SA og er 3,5x6m að flatarmáli. Um er að ræða steypa gólfplötu sem er mjög brotin. Ofan á grunninum liggja rekaviðarbolir.

Litla-Breiðuvík 2064-390

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Tóft, steinsteypa, hleðsla

Staðhættir

Um 270m niður frá bæjarstæðinu er höfnin og við hana nokkrar útgerðarminjar. Vestast í fjörunni eru leifar sjóhúss.

Lýsing

Um er að ræða tvö samstæð hús sem standa efst í fjöru, að hluta grafin inn sjávarbakkann. Húsin snúa eins og fjaran VNV-ASA. Austara húsið hefur verið 4x5m að innanmáli. Veggir eru steypdir, hæstir um 1,2m. Vestara húsið er 6x7m að innanmáli og veggir hafa að mestu verið hlaðnir en að hluta steypdir. Sú hlið húsa sem snýr fram í átt að fjörunni hefur verið úr timbri. Hluti austurveggjar hefur brotnað fram í fjöruna. Lítið afherbergi hefur verið í NA horni vestara hússins um 2x2m að innanmáli. Aftan austara hússins er niðurgrafið svæði



Mynd 10. Horft til norðurs yfir sjóhústóft [2064-390] vestarlega við Höfnina.

Litla-Breiðuvík 2064-383

Sérheiti: Íshúshóll

Hlutverk: Íshús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 250m suður af bæjarstæðinu og 6m neðan við grafreit fríkirkjusafnaðarins [2064-392] eru leifar af íshústóft. Tóftin stendur vestan svokallaðs Hreggjandalækjar.

Lýsing

Tóftin er algróin, 9x12m að utanmáli, niðurgráfin. Veggir eru allt að 2m á þykkt og tóftin er mest um 2m á dýpt. Dyr hafa verið á tóftinni til vesturs og þar er eins og lítið afhýsi 1x2m að stærð.

Aðrar upplýsingar



Mynd 11. Horft til SV yfir minjar við Íshúshóll. Lengst til vinstri er Hreggjandalækur.

Í örnefnasskrá Litlu-Breiðuvíkur (bls. 1-2) segir: "Úti og niðri í túni er kallaður Íshúshóll; þar var íshús."

Í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 96) er nefnt að í Litlu-Breiðuvík hafi verið góð höfn og nokkur útgerð [...] Þarna var lifrarbræðsla og íshús um og upp úr aldamótum.

Litla-Breiðuvík 2064-384

Hlutverk: Stífla

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 5m vestan íshústóftar [2064-383] er fyrirhleðsla í litlum læk innan við grafreitinn.

Lýsing

Um er að ræða tvær hleðslur, sú austari 6m að lengd, sú vestari 5m. Þessir veggir eru um 70cm á þykkt. Milli hleðslanna er um 2m langt op sem læknum hefur verið hleypt í gegn um.

Aðrar upplýsingar

Hleðslan hefur myndað dálitla tjörn í læknum, líklega til að safna ís fyrir íshúsið.

Litla-Breiðuvík 2064-385

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hólkoli um 250 suður af bæ og 20m vestan við grafreit fríkirkjumanna [2064-292] er kofatóft.

Lýsing

Tóftin er 5x6m að utanmáli og hafa dyr vitað í NV. Veggir eru 10-30 á hæð og um 50cm á þykkt. Tóftin er algróin grasi.

Litla-Breiðuvík 2064-386

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fast vestan hleðslu og tjarnar [2064-384] um 20m vestur af SV horni grafreits fríkirkjumanna [2064-292]

Lýsing

Tóftin er algróin og snýr a-v. Hún er 2x4m að utanmáli og dyr vita í suður. Veggir eru óverulegir 10-20cm á hæð og um 40cm á breidd.

Litla-Breiðuvík 2064-392

Hlutverk: Grafreitur


Tegund: Grafreitur

Staðhættir

Um 190m suður af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur er grafreitur fríkirkjumanna í Reyðarfirði.

Lýsing

Garðurinn er afgirtur, alls 40m langur og 16m breiður



Mynd 12. Horft til vesturs yfir grafreit fríkirkjumanna [2064-392]. Vinstra megin við hann má sjá íshústóftina [2064-383] á Íshúshóli. Fjær á mynd má sjá Höfnina og Hlein, og í fjarska má sjá Borgarhól

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er nú mjög vaxinn gras- og trjágróðri og erfitt að greina þar leiðin. Í Sveitum og jörðum (3. Bind, bls. 96) segir: „Við lækinn [Hreggjandalæk] er grafreitur fríkirkjumanna í Reyðarfirði.“

Litla-Breiðuvík 2064-393

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 8m vestan grafreits fríkirkjumanna [2064-392] er tóft, hugsanlega heytóft.

Lýsing

Tóftin er algróin snýr A-V og er 5m löng og 3m breið. Veggir eru óverulegir, 10-30cm háir og 50cm breiðir. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni. Tóftin liggur ofan á eldri tóftaleifum og virðist sú tóft hafa verið stæðilegri og legið N-S. Sú tóft var þó nokkuð jarðsokkin og erfitt að greina veggjalög.

Aðrar upplýsingar

Efri tóftin gæti hafa verið heytóft.

Minjar norðan túns

Litla-Breiðuvík 2064-398

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Sunnanvert á svokölluðum Borgarsandi nyrst í landi Litlu Breiðuvíkur er eins og niðurgrafin bátslaga geil í bakka ofan fjöru.

Lýsing

Niðurgröfturinn liggur austur-vestur og er um 6m langur og 2ja m breiður. Vera kann að þarna hafi bátar verið dregnir upp.

Litla-Breiðuvík 2064-397

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnanvert á svokölluðum Borgarsandi nyrst í landi Litlu Breiðuvíkur, um 6m suður af uppsátri[2064-398] er lítil tóft á bakkanum ofan fjöru.

Lýsing

Veggir eru óglöggir en tóftin virðist um 3x4m að utanmáli, opin til NV. Veggir eru mest um 20cm á hæð og 30cm á breidd. Tilgangur tóftar er óviss.

Litla-Breiðuvík 2064-396

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 530m norðvestur af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur er svokallaður Borgarhólstangi, efst á honum eru stæðilegar leifar fjárborgar.

Lýsing

Fjárborgin er um 5x5m að innanmáli og vita dyr í suður. Hæð veggja er frá 0,5-1,2m að innamáli og veggjapykkt er 1m. Austurhlið er algróin en annarsstaðar sér í steina.



Mynd 13. Yfirlitsmynd af minjum á og við Borgarhól og Borgarhólssand. Sjá nánar kort 8 aftst í skýrslu.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi bls. 95-96) segir: „Fram og niður af bæ er Borgarhólstangi og dregur nafn af grösugri áberandi hæð með rústir af fjárborg á kolli, þaklausu hringuðu fjárskýli.“



Mynd 14. Horft til vesturs yfir leifar af samkomuhúsi og bragga [2064-394, 395] UMF Freyju á Borgarhóli. Bak húsgrunnunum er hringlaga fjárborg [2064-396] sem hóllinn dregur nafn sitt af.

Litla-Breiðuvík 2064-394

Sérheiti: Borgarhóll

Hlutverk: Samkomuhús, grunnur

Tegund: Steinsteypa

Staðhættir

Um 530m norðvestur af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur er svokallaður Borgarhólstangi. Á flöt sunnan hans eru leifar af steypu samkomuhúsi og áfast vestan þess leifar af hlöðnum grunni herbragga.

Lýsing

Bragginn hefur snúið NNV-SSA og verið 4m breiður og 10m langur. Nú eru eftir af honum grunnurinn, tveir samsíða steiptir veggir undan timburveggjum. Veggirnir eru um 10m langir, um 40cm breiðir og hæstir um 40cm.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3.bindi, bls. 95-96) segir: Upp úr 1910 byggði Umf. Freyja í Helgustaðahreppi þar samkomuhús, steinhús, og herskáli var reistur við húsið eftir stríð.

Dansað var í skálanum og veitingar framreiddar í húsinu en sú tíð liðin nú, skálinn eyddur og húsið á fallanda fæti.“

Litla-Breiðuvík 2064-395

Sérheiti: Borgarhóll

Hlutverk: Samkomuhús

Tegund: Steinsteypa, hleðsla

Staðhættir

Um 530m norðvestur af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur er svokallaður Borgarhólstangi. Á flöt sunnan hans eru leifar af steypu samkomuhúsi og áfast vestan þess leifar af hlöðnum grunni herbragga.

Lýsing

Samkomuhúsið hefur verið um 5x8m að flatarmáli með steinsteypum grunni. Húsið er horfið nema veggir grunnsins sem eru mjög brotnir.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3.bindi, bls. 95-96) segir: Upp úr 1910 byggði Umf. Freyja í Helgu-staðahreppi þar samkomuhús, steinhús, og herskáli var reistur við húsið eftir stríð. Dansað var í skálanum og veitingar framreiddar í húsinu en sú tíð liðin nú, skálinn eyddur og húsið á fallanda fæti.“

Litla-Breiðuvík 2064-400

Hlutverk: Íshús, fiskreitur

Tegund: Tóft, hleðsla

Staðhættir

Um 460m SV bæjarstæðis í Litlu-Breiðuvík og um 60m suður af samkomuhúsinu á Borgarhóli [2064-394] eru leifar af íshúsi, hlöðnum garði og sléttri grjótlöt, mögulega fiskreit. Íshústóftin er syðst á tanga sunnan Borgarhóls, ofan kletta, við fjöru.



Mynd 15. Horft til austurs yfir sjóhústóft og fiskreit á tanga við Borgarhól. Hægra megin er klöpp sem hægt hefur verið að leggja upp að [2064-401].

Lýsing

Um er að ræða

tvískipta grjóthlaðna tóft. Syðra rými tóftarinnar er 6x9m að innanmáli og hafa dyr vitað í SSV. Veggir standa enn nokkuð vel í syðri tóftinni en þó eitthvað farnir að hrynja. Áföst NV hennar eru leifar annarrar tóftar, en einungis veggurinn sem tóftirnar deila, og NV veggur standa enn vel. Þó mótar fyrir grunni í nyrðri tóftinni og virðist hún hafa verið að innanmáli um 5x7m.

Vera kann að timbur hafi verið í NV og SV hliðum, eða að grjót úr þeim hafi verið endurnýtt. Veggir tóftanna eru 0,5-1,8m að hæð og um 80cm á þykkt. Norðvestan tóftarinnar er slétt grjótlagt svæði

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Heiðberg Hjelm segir að Rolf Johansen, kaupmaður á Reyðarfirði hafi verið þarna með íshús.

Litla-Breiðuvík 2064-399

Hlutverk: Lending

Tegund: Náttúruleg klöpp, fjara

Staðhættir

Um 460m SV bæjarstæðis í Litlu-Breiðuvík og um 5m suður af íshúsi [2064-400] er klöpp sem hægt hefur verið að leggjast upp að, möguleg landing er einnig í fjörunni sunnan hennar.



Mynd 16. Yfirlitsmynd af minjum í móa vestan túns í Breiðuvík. Sjá nánar kort 7 aftast í skýrslu.

Litla-Breiðuvík 2064-401

Hlutverk: óþekkt, smalakofi

Tegund: Hleðsla, steinalögn

Staðhættir

Á melkalli um 140m SA Borgarhóls er einföld ferköntuð grjótröð eins og undan smá kofa.

Lýsing

Tóftin er 4x4,5m að utanmáli. Dyr hafa vitað í austur. Hleðslan er mest 10cm á hæð og 20cm á breidd.

Litla-Breiðuvík 2064-402

Hlutverk: Óþekkt, varða?, kuml?

Tegund: Hleðsla, steinalögn

Staðhættir

Hleðsla er á klettakolli vestan heimatúns, um 290m NV af bæjarstæðinu.

Lýsing

Óljós ferköntuð hleðsla með fuglapúfu, algróin lyngi. Hleðslan er um 10cm há, virðist einfalt lag af grjóti. Hún er um 2m að lengd og um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Hleðslan kann að vera leifar lítillar vörðu eða kofa en virtist þó einungis eitt lag af steinum. Einnig gæti verið um heiðið kuml að ræða, en ekkert er hægt að fullyrða þar um.

Litla-Breiðuvík 2064-403

Hlutverk: Óþekkt, mótóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 280m vestur af bæjarstæðinu fremst á brún, austast á lágri klettahæð vestan heimatúns er tóft.

Lýsing


Tóftin er nokkuð gamalleg og algróin mosa og lyngi. Hún er um 6m löng og 4m á breidd og eru veggir 10-50cm háir og um 70cm þykkir. Dyr eru á SV hlið.

Aðrar upplýsingar

Fast austan tóftarinnar og víðar vestan Silungalækjar vestan túns eru greinilegar mó- eða torfgrafir. Vera kann að kofinn tengist mótöku en þó er hann nokkuð veglegri en venjan er með mókofa.



Mynd 17. Kofatóft [2064-403] í móa vestan túns. Horft í NA.



Mynd 18. Tvær grjóthleðslur [2064-404 og 405] í móa vestan túns. Horft í suður.

Litla-Breiðuvík 2064-404

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Um 330m vestan bæjarstæðis, á melum vestan túns eru þrjár grjóthleðslur eða steinlagnir með einföldu grjótlagi.

Lýsing

Óvíst er hvernig mannvirki er um að ræða en hleðslurnar virðast þó eiga saman. Nyrsta hleðslan er 1x1,5m að stærð, um 1m sunnan hennar er önnur hleðsla, nánast ferköntuð 2x4m að

stærð og um 1m vestan hennar önnur ferköntuð hleðsla 2x3m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk þessara hleðsla er óþekkt. Þær gætu mögulega verið leifar af kofum eða einhverjum smærri mannvirkjum en ekki var hægt að greina í þeim veggjalög. Þeim svipar til heiðinna kumla en ekkert er hægt að fullyrða þar um.

Litla-Breiðuvík 2064-405

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Hleðsla, steinalögn

Staðhættir

Um 350m vestur af bæjarstæði, á lítt grónum melum vestan túns eru leifar grjóthleðslu.

Lýsing

Um er að ræða ferkantaða hleðslu, um 3x3m að stærð. Um einfalt grjótlag að ræða og engir veggir greinanlegir.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk hleðslunnar er óþekkt. Þær gætu mögulega verið leifar af kofa. Um heiðið kuml gæti verið að ræða en ekkert er hægt að fullyrða þar um.

Litla-Breiðuvík 2064-406

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 350m vestur af bæjarstæði, á lítt grónum melum vestan túns eru leifar lítillar tóftar. Hún er um 10m vestan grjóthleðslu [2064-405].

Lýsing

Um einfalda grjóthleðslu er að ræða. Tóftin er um 3x3,5m að utanmáli og virðist opin til austurs. Veggjahæð er mest um 20cm.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um hlutverk þessa mannvirkis en fleiri slíkar hleðslur eru þarna í mounum.

Litla-Breiðuvík 2064-407

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 340m vestur af bæjarstæðinu í hálfgrónum móa vestan túns.

Lýsing

Smátóft sem er algróin lyngi, liggur NNV-SSA. Veggir eru lágir, 10-30cm á hæð og um 30cm á breidd. Engar dyr eru sýnilegar á tóftinni.



Mynd 19. Kofatóft [2064-407] í móa vestan túns.

Litla-Breiðuvík 2064-410

Hlutverk: Óþekkt, mótóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku ofan við svokallaða Hlein, um 290m SV af bæjarstæðinu eru leifar tveggja kofatófta.

Lýsing

Austari tóftin er 2x3,5m að utanmáli, veggir óverulegir, um 10-30cm á hæð og 30cm breiðir. Op er á tóftinni á NA hlið.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en hún liggur skammt frá mótökusvæði og gæti því hafa verið nýtt til móþurrkunar.

Litla-Breiðuvík 2064-411

Hlutverk: Óþekkt, mótóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku ofan við svokallaða Hlein, um 290m SV af bæjarstæðinu eru leifar tveggja kofatófta.

Lýsing

Vestari tóftin er 2,5x3m að utanmáli, tóftin er ferköntuð upphækkun og ekki hægt að greina veggjalög.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða hlutverki tóftin hefur gengt en hún liggur skammt frá mógröfum og gæti því hafa verið nýtt til móþurrkunar.

Litla-Breiðuvík 2064-412

Hlutverk: Óþekkt, mótóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austast á lítt grónum melum vestan heimatúns, 240m SV frá bæjarstæðinu er kofatóft

Lýsing

Tóftin er algróin, um 2x3m og virðist austurhlið hennar horfin. Vegghæð er 20-40cm og veggþykkt 60cm.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða hlutverki tóftin hefur gengt en hún liggur skammt frá mógröfum og gæti því hafa verið nýtt til móþurrkunar.

Litla-Breiðuvík 2064-413

Hlutverk: Óþekkt, mótóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hólkoli, austast á lítt grónum melum vestan heimatúns, 240m SV frá bæjarstæðinu er kofatóft



Mynd 20. Kofatóft [20649-410] í móa vestan túns. Horft í austur.

Lýsing

Tóftin hefur óverulega vegg 10-30cm á hæð og 30 breidd. Op er á tóftinni til SV.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða hlutverki tóftin hefur gengt en hún liggur skammt frá mógröfum [2064-469] og gæti því hafa verið nýtt til móþurrkunar.

Minjar við ströndina sunnan túns

Litla-Breiðuvík 2064-376

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Sjóhús, naust

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 120m innan við tún á Bjargi eru tóftir sjóhúss og nausts rétt ofan fjöruborðs.

Lýsing

Sjóhúsið er 1,5x3m að innanmáli og hafa dyr vitað í vestur út að sjó. Sunnan þess er hlaðinn garður og þar hafa bátar líklega verið settir upp. Veggir eru hlaðnir úr grjóti, 50-140cm á hæð og 70cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Heiðberg Hjelm telur mögulegt að þetta sé sjóhúsið sem Ásmundur Helgason átti. Í bókinni Á sjó og landi segir Ásmundur frá upphafi búskapar síns á Bjargi og þar nefnir



Mynd 21. Horft til austurs yfir sjóhústóft [2064-376] við ströndina milli Hnúanausts og Bjargs.

hann að hann hafi samið um uppsátur fyrir einn bát í landi Litlu-Breiðuvíkur. Vera kann að þetta uppsátur hafi verið við Hnúanaust eða Höfnina en engar sjóminjar fundust í landi Bjargs.



Mynd 22. Horft til vesturs yfir grjóthlaðinn grunn [2064-375] á ströndinni milli Hnúanausts og Bjargs.

Litla-Breiðuvík 2064-375

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Óþekkt, geymsla, sjóhús?

Tegund: Tóft



Mynd 23. Yfirlitsmynd yfir minjar við Hnúanaust og á ströndinni norðan þess. Strandlínan sem sjóminjarnar eru við kallast í heild sinni Hnúanaust. Sjá nánar kort 3 aftast í skýrslu.

Staðhættir

Ofan fjöruborðs, 200m suður af túni á Bjargi og um 70m norðan við svokallað Hnúanaust er grjóthlaðinn húsgrunnur.

Lýsing

Grunnurinn er nánast ferhyrndur, 8x8m að utanmáli. Veggir eru 30-130cm á hæð og 1m á breidd. Tvö afhólfuð rými virðast vera í tóftinni. Dyr hafa vitað í vestur.



Mynd 24. Horft til vesturs yfir syðsta hluta svæðisins sem kallast Hnúanaust.

Litla-Breiðuvík 2064-374

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Óþekkt, naust?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 70m norðan Hnúanausts og 3m suður af grjóthlaðinni tóft [2064-375] eru leifar af annarri grjóthlaðinni tóft, mögulega nausti.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og hefur verið opin eða með trépili niður í fjöruna. Veggir eru 10-30cm á þykkt og mesta hæð er um 50cm.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en þarna gæti verið um að ræða lítið bátanaust eða geymsluskúr.

Litla-Breiðuvík 2064-370

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Sjóhús?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 700m suður af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur, á tanga sem nefndur er Hnúanaust, eru útgerðarminjar þ.m.t. þrír grunnar undan sjóhúsum.

Lýsing

Vestast á nesinu fast ofan fjöruborðs eru leifar húsgrunns sem snýr nálega N-S. Um er að ræða einfalda grjóthleðslu sem afmarkar ferkantað svæði. Grjót virðist vera í grunninum en hann er algróinn. Grunnurinn er 4x8m að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

Sjór hefur brotið af grunninum alveg syðst.

Litla-Breiðuvík 2064-371

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 700m suður af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur, á tanga sem nefndur er Hnúanaust, eru útgerðarminjar þ.m.t. þrír grunnar undan sjóhúsum.

Lýsing

Leifar af grjóthleðnu horni húsgrunns er enn sýnilegt ofan við klöpp sem bátar hafa lagst upp að [2064-372]. Restin af húsinu hefur brotnað vegna sjávargangs. Sá hluti NA veggjar sem varðveist hefur er um 4m langur en NV veggur um 3m. Veggurinn er hæstur um 40cm en veggjaþykkt um 50cm. Húsið hefur að hluta verið grafið inn í bakkann og bak þess er dálítill jarðvegsbakki en engin eiginleg hleðsla sjáanleg.



Mynd 25. Yfirlit yfir sjóhústóft [2064-371] sem sjórinn hefur brotið af.

Litla-Breiðuvík 2064-373

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Sjóhús

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 700m suður af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur, á tanga sem nefndur er Hnúanaust, eru útgerðarminjar þ.m.t. þrír grunnar undan sjóhúsum.

Lýsing

Austast á tanganum eru leifar af grunni sjóhúss. Austurhlið grunnsins er afmörkuð af 8m löngum vegg, um 50cm háum og 60cm breiðum. Grunnurinn er að öðru leyti afmarkaður af einfaldri grjótröð. Fjörugrjót hefur verið lagt í grunninn.

Litla-Breiðuvík 2064-369

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Óþekkt, smalakofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 700m suður af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur, á tanga sem nefndur er Hnúanaust, eru útgerðarminjar þ.m.t. þrír grunnar undan sjóhúsum, austan þeirra er kofatóft.

Lýsing

Austasta tóftin á svokölluðu Hnúanausti er kofatóft. Hún snýr NA-SV, er 2x3m að utanmáli með dyr til SSV. Veggir kofans eru allt að 50cm á hæð og 50cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort kofinn hefur tilheyrt sjóbúskapnum á eyrinni eða hefur verið notaður við yfirsetu.



Mynd 26. Tóft af litlum kofa [2064-369] ofan Hnúanausts, e.t.v. smalakofa.

Litla-Breiðuvík 2064-372

Sérheiti: Hnúanaust

Hlutverk: Lending

Tegund: Náttúruklöpp, járn

Staðhættir

Um 700m suður af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur, á tanga sem nefndur er Hnúanaust, eru útgerðarminjar og lending.

Lýsing

Tvær klappir liggja til austurs og mynda dálitla vík austanvert á tanganum. Norðari klöppin er nokkuð bein og hefur verið hægt að lenda við hana. Í henni er járnteinn sem notaður hefur verið til að binda báta.



Mynd 27. Járnleinn í klöpp [2064-372] til að binda við báta.

Litla-Breiðuvík 2064-368

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Gata sést á köflum eftir ströndinni frá Bjargi að Hnúanausti og þaðan eftir bratta ofan fjöru milli Hnúanausts og Ketilbúastekkjjar. Frá Ketilbúastekk liggur hún eftir marbökkum út að Karlskála.

Gatan er sérstaklega glögg milli Hnúanausts og Ketilbúastekkjjar og því var punktur tekinn þar.


Litla-Breiðuvík 2064-363

Sérheiti: Ketilbúastekkur

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir



Mynd 28. Horft til vesturs yfir Ketilbúastekk. Í forgrunni má sjá garðhleðslu [2064-363] sem umlykur svæðið.

Ketilbúastekkur er grösugt svæði úti á sjávarbakka um 1,2km suður af Litlu Breiðuvík. Þarna er afgirtur túnskiki og innan hans tóftir beitarhúsa, stekkjur og mögulega sjóbúðar.

Lýsing

Svæðið er afmarkað af hlöðnum grjótgarði norðan og sunnan til en af bröttum bakka við læk austan til og sjó að vestan. Vestanvert á svæðinu liggur garðurinn á um

60m kafla frá vestri til austurs að lækjarbakkanum. Framhald er á honum um 100m sunnar þar sem hann liggur frálæknum til suðvesturs á um 100m löngum kafla niður í fjöru. Garðurinn er hlaðinn úr rúnnuðu fjörugrjóti og stendur því misvel, gæti hafa verið hleðsla undan girðingu. Garðurinn er 10-50cm á hæð og um metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sveitum og jörðum (3. Bindi, bls. 96) var grjótgarður við beitarhúsin.

Litla-Breiðuvík 2064-364

Sérheiti: Ketilbúastekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku, syðst á svæðinu sem kallast allt Ketilbúastekkur er stekkjartóft, hinn upprunalegi stekkur sem svæðið dregur nafn sitt af.

Lýsing

Stekkurinn liggur upp og niður brekkuna frá norðri til suðurs. Alls er stekkurinn um 11m langur og 5m breiður að utanmáli en veggir eru nokkuð jarðsokknir og mjög huldir grasi þegar svæðið var skráð. Þetta er klassísk stekkjartóft, um 5m löng rétt og smærri lambakró áföst aftan við.

Veggir eru 30-60cm á hæð og allt að 90cm þykkir. Op hefur verið inn í réttina að sunnan út að fjörunni. Innangengt hefur verið milli réttar og króar.

Litla-Breiðuvík 2064-365

Sérheiti: Ketilbúastekkur

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft, steinsteypa

Staðhættir

Í grónum afgirtum túnskika á svokölluðum Ketilbúastekk um 1,2km suður af Litlu-Breiðuvík eru leifar af beitarhúsum.

Lýsing

Beitarhúsin eru 16m að lengd og 12m á breidd og snúa NA-SV. Suðvestur langveggur er steypur en austur langveggur hlaðinn og steypur. Steypur garði er fyrir miðjum húsum. Aftan við er hlaða þvert á húsin 4x8m að stærð, veggir hlaðnir úr grjóti. Áfastar sunnan hlöðunnar eru leifar af steinsteypum kofa, 3x4m að stærð. Leifar af húsgrind og bárujárni úr þaki er uppstaflað inni í tóftinni. Timburpil hefur vitað í SV.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Litlu-Breiðuvíkur (bls. 1) stendur: „Þar utar er Ketilbúastekkur; þar eru beitarhús og túnblettur. Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 96) segir að beitarhús hafi verið í Ketilbúastekknunum frá ómunatíð.

Litla-Breiðuvík 2064-366

Sérheiti: Ketilbúastekkur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir



Mynd 29. Yfirlitsmynd af minjum á Ketilbúastekk. Sjá nánar kort 2 aftast í skýrslu.



Mynd 30. Horft til norðurs yfir beitarhús og stekk á Ketilbúastekk.

Í grónum afgirtum túnskika á svokölluðum Ketilbúastekk um 1,2km suður af Litlu-Breiðuvík eru leifar af beitarhúsum [2064-365]. Um 30m NV þeirra eru leifar af ferköntuðum grunni eða tóft.

Lýsing

Ferköntuð tóft eða hleðsla undan grunni, mjög gróin og óglögg. Hleðslan er rétt um 20cm á hæð og 20cm á þykkt. Gæti verið grunnur undan byggingu en óvíst hvað er.

Litla-Breiðuvík 2064-367

Sérheiti: Ketilbúastekkur

Hlutverk: Stekkur, sjóhús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grónum afgirtum túnskika á svokölluðum Ketilbúastekk um 1,2km suður af Litlu-Breiðuvík eru leifar af beitarhúsum [2064-365]. 30m vestan húsanna frammi á bakka ofan fjöru eru leifar tvískiptrar tóftar, mögulega af stekk eða e.t.v. sjóhúsum.

Lýsing

Um er að ræða tvískipta mjög gróna tóft. Hún er 6x14m að utanmáli. Tóftin snýr NV-SA og er tvískipt. Norðvestara hólfið er 6m á breidd og 8m langt og hefur vesturveggur hrunið niður bakkann. Hólfið suðvestur af því er 3x6m að stærð og gæti verið op á því til norðurs. Tóftin er mjög gróin, veggir um 30-70cm á hæð og allt upp í metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Tóftin líkist stekk en er ekki ólík öðrum sjóhústóftum á svæðinu. Tóftin hefur að einhverju leyti hrunið fyrir bakkann en er nú algróin.

Litla-Breiðuvík 2064-361

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Syðst á svokölluðu Flesjarhrauni, um 2,3km suður af bæ, skammt frá mörkum við Karlskála eru tvær stæðilegar vörður og eru 15m á milli þeirra.

Lýsing

Nyrðri varðan er stæðilegri en sú syðri, grunnmál hennar um 2m á kant og hún er 1,2m á hæð.

Aðrar upplýsingar

Varðan virðist hafa verið endurhlaðin eða bætt.

Litla-Breiðuvík 2064-362

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Syðst á svokölluðu Flesjarhrauni, um 2,3km suður af bæ, skammt frá mörkum við Karlskála eru tvær stæðilegar vörður og eru 15m á milli þeirra.


Lýsing

Grunnmál syðri vörðunnar er um 1,2m og hún er um 1m á hæð.

Aðrar upplýsingar

Varðan virðist hafa verið endurhlaðin eða bætt.

Grasbýlið Bjarg



Mynd 31. Horft til NA yfir tún á grasbýlinu Bjargi.

Bjarg 2064-377

Hlutverk: Túnahreinsun

Tegund: Hleðsla

Staðhættir/lýsing

Syðst sunnan túns um 150m sunnan bæjar má sjá röð af steinhrúgum á um 80m löngum kafla. Þarna er um að ræða grjót sem hreinsað hefur verið þegar túnin voru ræktuð.

Aðrar upplýsingar

Í bókinni Á sjó og landi (bls. 102-103) segir Ásmundur Helgason frá basli sínu við ræktun túna á Bjargi.

Bjarg 2064-378

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Grunnur

Staðhættir

Efst á kletti um 25m neðan við bæjarhús á Bjargi er húsgrunnur.

Lýsing

Grunnurinn er nú algróinn en augljóslega er þarna flöt um 3m á breidd og 5m á lengd.

Aðrar upplýsingar

Þarna sést hús á loftmynd frá 1980. Heimildamaður Viðar Vilhjálmsson sagði þarna hafa verið hlöðu. Í undirmati fasteigna 1916-1918 segir (bls. 160): Hlaða og skúr við 5,56x3,77x2,85m. Krossreist, byggt úr timbri, járnþak.



Mynd 32. Yfirlitsmynd af minjum í túninu á Bjargi. Sjá nánar kort 4 aftast í skýrslu.

Bjarg 2064-379

Sérheiti: Bjarg

Hlutverk: Híbýli, grunnur

Tegund: Hleðsla, steinsteypa

Staðhættir

Um 300m suður af bæjarstæði Litlu-Breiðuvíkur neðst í túni og um 100m neðan þjóðvegur út Helgustaðahrepp er steinsteypur grunnur íbúðarhúss grasbýlisins Bjargs.

Lýsing

Um er að ræða steinsteyptan grunn, 6m breiðan og 12m langan. Veggurinn er hæstur um 60cm. Smærra afhýsi hefur verið við vestur gafl hússins. Grunnurinn er nú nánast algróinn.

Aðrar upplýsingar

Í bókinni á Sjó og landi segir Ásmundur Helgason frá stofnun býlisins og byggingu hússins 1905. Á bls. 99 segir: „Á góðu 1905 byrjuðum við að taka upp grjót og draga það til hleðslu á kjallara og grunni, sem pabbi minn sá um. Jón Magnússon húsasmiður á Eskifirði reisti svo húsið um sumarið [...] Við fluttum litlu síðar í nýja húsið okkar, þó það væri ekki fullsmíðað. Nefndum við það Bjarg, því að það var með annan gaflinn á klöpp, sem var svo þverhnípt niður, að þótt grafið væri þrjár álnir í jörð, varð ekki vart við fastan stein [...]



Mynd 33. Horft til vesturs yfir bæjarstæði Bjargs. Grunnur íbúðarhússins hægra megin við miðju myndar [2064-379].

Í undirmati fasteigna frá 1916-1918⁹ segir um íbúðarhúsið: Íbúðarhúsið er 5,7x5x3,5, krossreist, byggt 1905 úr tré með pappa og járnvörðu þaki, annari hlið og öðrum stafni. Við það er skúr 3,77x5x2,5. Húsið er gott, hlýtt og rakalaust.“

Bjarg 2064-380

Sérheiti: Bjarg

Hlutverk: Óþekkt, fjós?

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Staðhættir

Um 10m NV við SV horn bæjarhúsa á Bjargi er niðurgrafinn grjóthlaðinn grunnur af kofa.

Lýsing

Hlaðinn grunnur undan kofabyggingu um 3x4m að stærð. Hleðslan stendur nokkuð vel og er grunnurinn um 60cm að dýpt. Í grunninum er tunna og annað rusl.

Aðrar upplýsingar

Hér er líklega um að ræða fjós það sem talið er fram í undirmati fasteigna 1916-1918. Þar segir (bls. 160): „Fjósskúr ,8x1,9x2,19m. úr steinsteypu með járnþaki.“

Bjarg 2064-381

Hlutverk: Matjurtagarður

⁹ Sótt af síðu landsbókasafns 21.08.22.

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916%20-%201918%20-%20Undimat;%20M%C3%BAlas%C3%BDsla%20-%20su%C3%B0ur%20I/?page=38>

Tegund: Niðurgröftur, hleðsla

Staðhættir

Um 4m ofan við húsgrunn bæjarhúss á Bjargi eru leifar matjurtagarðs.

Lýsing

Garðurinn er 11m langur frá V-A og 4m frá N-S. Hliðar garðsins eru greinilegar á þrjá vegu en útlínur hans sjást betur á loftmynd frá 1988.¹⁰

Aðrar upplýsingar

Í undirmati fasteigna frá 1916-1918¹¹ segir: „Matjurtagarður 390m².“

Bjarg 2064-382

Hlutverk: Fjánhús, hlaða

Tegund: Grunnur, heimild

Staðhættir

Um 40m ofan og NA bæjarhúsa á Bjargi.

Lýsing

Þarna er nú einungis slétt flöt og of mikill gróður var á skráningartíma til að hægt væri að greina stærðina nákvæmlega. Flötin þar sem fjárhúsið stóð er þó um 10m að lengd og 4m að breidd.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1980 má efst í túni sjá fjárhús og annað hús þvert aftan fjárhúsanna, líklega hlöðu.

Aðrar upplýsingar

Í undirmati fasteigna 1916-1918 (bls. 160) segir: „Hlaða og skúr við 4,65x3,77x2,85 m. krossreist, bygt úr timbri, járnþak. Fjánhús fyrir 40 kindur.“ Líklega hafa fjárhúsin og hlaðan verið sambyggð.

¹⁰ www.lmi.is

¹¹ Sótt af síðu landsbókasafns 21.08.22.

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916%20-%201918%20-%20Undirmat;%20M%C3%BAlas%C3%BDsla%20-%20su%C3%B0ur%20I/?page=38>

Óstaðsettar minjar

Litla-Breiðuvík 2064- 498

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í yfirmati fasteigna frá 1916-1918 (74) er getið um smiðju. Ekki er vitað hvar smiðjan stóð en sléttað hefur verið úr öllum húsum á bæjarstæðinu.

Litla-Breiðuvík 2064-499

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í yfirmati fasteigna frá 1916-1918 (74) er getið um skemmu. Búið er að slétta úr öllum minjum á bæjarstæðinu og ekki er vitað hvar skemman stóð.

Litla-Breiðuvík 2064-500

Hlutverk: Lifrarbræðsla

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. Bindi. Bls. 96) er nefnt að í Litlu-Breiðuvík verið lifrarbræðsla og íshús um og upp úr aldamótum. Vera kanna að einhver þeirra tófta sem skráðar hafi verið séu leifar af lifrarbræðslunni.

Litla-Breiðuvík 2064-501

Sérheiti: Brunnhússlétta

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Litlu-Breiðuvíkur (bls. 19) segir: Í túninu heitir Brunnhúsgrund fram og upp af bæ [...]“. Engar leifar af brunni fundust við skráningu.

Samantekt

Alls voru 69 minjar skráðar í landi Litlu-Breiðuvíkur og grasbýlisins Bjargs. Þar af voru 65 minjar staðsettar á vettvangi eða 94%. Í þeim tilfellum sem minjar fundust ekki við vettvangsskoðun eru minjarnar einungis skráðar upp úr heimildum. Slíkar minjar eru ekki hnitsettar eða staðsettar á korti.

Tafla 1. Fjöldi skráðra minja í Litlu-Breiðuvík.

Jörð	Úr heimildum	Minjar skráðar á vettvangi	Samtals
Litla-Breiðuvík	4	65	69

Minjar í Litlu-Breiðuvík

Litlu-Breiðuvík er upphaflega skipt út úr heimaörðinni Breiðuvík, sem nú skiptist, auk Litlu-Breiðuvíku, í jarðirnar Útstekk, Stóru-Breiðuvík og Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu (sjá yfirlitsmynd 1. aftast í skýrslu). Jörðinni hefur þó verið skipt út snemma á öldum þar sem hennar er fyrst getið árið 1504 þegar hún var ánöfnuð klaustrinu á Skriðu í Fljótsdal.¹² Árið 1918 varð hún bændaeign á ný.¹³ Þrátt fyrir heldur rýrt jarðamat, bjó jörðin að sjávarnytjum því að þar voru góðar lendingar og í upphafi 20. aldar var þar nokkur útgerð, bæði heimamanna en einnig stunduðu Norðmenn sjó frá Litlu-Breiðuvík um tíma. Jörðin fór úr ábúð á 9. áratugi 20. aldar. Strandlengjan í landi Litlu-Breiðuvíkur statar af heildstæðu landslagi minja tengdum sjósókn og fiskvinnslu. Fáar minjar eru á bæjarstæðinu og í túni enda lagðist búskapur seint af á jörðinni. Auk þess voru útihús sléttuð út á 9. áratug 20. aldar sem hluti af riðuhreinsunarátaki. Fjöldi heillegra minja er þó enn til staðar utan túna, þ.m.t. nokkur fjöldi sjóhúsa og annarra sjóminja.

Minjar í Litlu-Breiðuvík eru að mestu hefðbundnar landbúnaðar- og útgerðarminjar frá 19.–20. öld. Vegna takmarkaðs landrýmis hafa eldri minjar horfið vegna jarðsvegsframkvæmda, verið endurbyggð eða leifar þeirra hafa hafnað undir yngri mannvirkjum. Það er því fátt ofanjarðar sem minnir á forna tíð. Nokkrar grjóthleðslur eru í móa vestan bæjar sem svipar til kumla en gætu þó verið leifar af vörðum eða annarskonar grjóthleðslum (kort 7 aftast í skýrslu).

Syðstu minjarnar í landi jarðarinnar eru tvær vörður á svokölluðu Flesjarhrauni. Nokkru norðar er Ketilbúastekkur, skemmtileg minjaheild á sjávarbakka. Þar má finna afgirt beitarhús sem voru í notkun fram á síðari hluta 20. aldar, auk tveggja eldri stekkjatófta (kort 2 aftast í skýrslu). Nokkru norðan Ketilbúastekkkjar taka Hnúanaust við, tóftir sjóhúsa, hjalla og aðrar minjar tengdar sjósókn (kort 3 aftast í skýrslu). Heiðberg Hjelm segir strandlengjuna hafa gengið undir þessu nafni og falla allar minjar við hana því undir þetta heiti. Norðan Hnúanausta er svo tún grasbýlisins Bjargs sem stofnað var í upphafi 20. aldar, nú í eyði og öll hús hafa verið jöfnuð út. Þar má þó enn sjá grunn íbúðarhússins og geymslu, auk aurmála tveggja útihúsa (kort 4 aftast í skýrslu). Á bæjarstæðinu og í heimatúni umhverfis er fátt minja. Búið er að slétta

¹² Íslenskt fornbréfasafn VII, bls. 686.

¹³ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi, bls. 95.

úr öllum minjum á bæjarstæðinu og í túni ofan vegar en þó má greina útlínur a.m.k. þriggja útihúsa og enn má finna þar heillegan matjurtagarð (kort 5 aftast í skýrslu).

Neðan vegar, sunnan túns er grafreitir fríkirkjumanna, afgirtur en í mikilli órækt. Við hann eru stæðilegar tóftir íshúss. Stífla er við læk og nokkrar smátóftir þar umhverfis. Niðri við Höfnina svokallaða, eru tóftir og grunnar a.m.k. fimm sjóhúsa. Norðan Hafnarinnar er Hlein og þar eru leifar af húsgrunnum Rolfs Johansen kaupmanns á Reyðarfirði sem var með útgerð í Litlu-Breiðuvík (kort 6 aftast í skýrslu). Norðarlega í landi jarðarinnar er Borgarhóll. Það eru leifar veglegrar fjárborgar og við hana steiptir grunnar undan samkomuhúsi. Skammt þar neðan er enn vel standandi grjóthlaðin veggjadigur tóft. Þar mun fyrrnefndur Rolf Johansen hafa verið með íshús. Tvær smátóftir eru svo í fjörunni norðan hólans (kort 8 aftast í skýrslu).

Hættumat

Tafla 2. Yfirlit yfir hættumat minja.¹⁴

Jörð	Engin hætta	Hætta	Mikil hætta	Samtals
Litla-Breiðuvík	41	11	12	64

Við fornleifaskráningu er metið hvort minjar séu í hættu af völdum umhverfisaðstæðna eða framkvæmda. Litla-Breiðuvík er í eyði og því almennt ekki í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Alls voru 64% minja metnar í engri hættu. Minjar í einhverri hættu voru alls 17% en 19% minjanna teljast í mikilli hættu. Allar minjar nema ein sem metnar voru í hættu eða mikilli hættu teljast svo vegna nálægðar við sjó. Minjar í mikilli hættu eru að einhverju leyti skemmdar af sjávangangi. Þó virðist landeyðing af völdum sjávangangs ekki stórvægileg. Verði einhverjar breytingar á því hvernig jörðin er nýttu þarf að endurmeta hættuna.

Niðurlag

Minjarnar í Litlu-Breiðuvík eru mikilvægur minnisvarði um austfirskar strandbyggðir, samspil búskapar og sjávarnytja sem varði allt frá landnámsöld og fram á miðja 20. öldina. Minjarnar og umhverfið bera vitni um hvernig menn stunduðu búskap og sjósókn, oft við erfiðar aðstæður og óblítt veðurfar. Þekkingin á sögu sjávarbyggðanna og nýtingu manna á landi og sjó er nú óðum að hverfa. Víða eru minjar að hverfa vegna landbreytinga ýmiskonar og aukins gróðurs og trjáræktar. Það er því forgangsatriði að skrásetja minjar og safna eins miklum heimildum um þær og kostur er svo

Einhverjar minjanna sem skráðar voru falla ekki enn undir 100 ára reglu laga um menningarminjar en þær eru hafðar með í skránni þar sem þær eru mikilvægur hluti þeirrar minjaheildar sem svæðið hefur að geyma. Þó eru uppistandandi byggingar ekki taldar með í skránni.

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80, 2012) er óheimilt með öllu að hrófla við fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands. Mikilvægt er að minjar séu skildar eftir í sama ástandi og komið var að þeim. Minjar geta leynst neðanjarðar og sjást ekki á yfirborði. Komi minjar óvænt upp við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva þær og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

¹⁴ Hætta er metin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á www.minjastofnun.is

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Ásmundur Helgason (1949). *Á sjó og landi. Ísafoldarprentsmiðja.*

Íslenskt fornbréfasafn VII. 1170-1505. Hið íslenska bókmenntafélag, 1903-1907.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi.* S. Trier.

Ólafur Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers.* Lund University.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Breiðuvíkur

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2022

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.03.2023

www.manntal.is

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 13.05.2023

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.03.2023

www.manntal.is

Yfirmat fasteigna 1918 á vef landsbókasafns. Skoðað 26.06.2020

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jar%C3%B0amat;%20Su%C3%B0ur-M%C3%BAlas%C3%BDsla/>

Fylgiskjöl

Litla-Breiðuvík - Hnitaskrá

Litla-Breiðuvík										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-363	Ketilbúastekkur	garður	hleðsla	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta		745293	509454
2064-364	Ketilbúastekkur	stekkur	hleðsla	1500	1900	greinanleg	engin hætta		745289	509493
2064-365	Ketilbúastekkur	beitarhús	tóft, steinsteypa	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		745271	509511
2064-366	Ketilbúastekkur	óþekkt	hleðsla	1800	1950	greinanleg	engin hætta		745247	509491
2064-367		stekkur, sjóhús?	tóft	1500	1900	vel greinanleg	hætta	landbrot	745224	509674
2064-368		samgöngubót	gata	800	1950	vel greinanleg	engin hætta		745005	509919
2064-369	Hnúanaust	óþekkt, kofi	tóft	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		744961	509912
2064-370	Hnúanaust	húsgrunnur	hleðsla	1800	1920	greinanleg	mikil hætta	landbrot	744972	509913
2064-371	Hnúanaust	uppsátur, sjóhús	tóft, steinsteypa	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744978	509888
2064-372	Hnúanaust	lending	járn	800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744984	509918
2064-373	Hnúanaust	óþekkt	tóft, hleðsla	1800	1900	vel greinanleg	hætta	landbrot	744948	509978
2064-374		sjóhús	tóft	1800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744944	509987
2064-375		sjóhús	tóft, grunnur	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744936	510064
2064-376		sjóhús	tóft	1850	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	744818	510383
2064-383		íshús	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		744808	510393
2064-384		stífla	hleðsla	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		744800	510390
2064-385		óþekkt, kofi	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		744803	510401
2064-386		óþekkt, kofi	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		744753	510397
2064-387		sjóhús	hleðsla	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744747	510397
2064-388		sjóhús	hleðsla	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744749	510411
2064-389		sjóhús	steinsteypa	1800	1920	vel greinanleg	hætta	landbrot	744721	510416
2064-390		sjóhús	tóft, steinsteypa	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744709	510415
2064-391		sjóhús	tóft, steinsteypa	1800	1920	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744843	510409
2064-392			grafreitir	1800	1920	vel greinanleg	hætta	trjárækt	744835	510428
2064-393		óþekkt	tóft	1700	1900	greinanleg	engin hætta		744422	510825
2064-394	Borgarhóll	samkomuhús	steinsteypa	1945	1974	vel greinanleg	hætta	landbrot	744421	510828
2064-395	Borgarhóll	samkomuhús	steinsteypa, hleðsla	1910	1974	vel greinanleg	engin hætta		744417	510842
2064-396		fjárborg	tóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta		744410	510886
2064-397		óþekkt	tóft	800	1900	illgreinanleg	hætta	landbrot	744408	510897
2064-398		uppsátur	niðurgröftur	800	1900	greinanleg	hætta	landbrot	744407	510750
2064-399		lending	klöpp	800	1900	vel greinanleg	hætta	landbrot	744414	510763
2064-400		sjóhús	tóft	1800	1920	vel greinanleg	hætta	landbrot	744530	510731
2064-401		óþekkt, smalakofi?	hleðsla	800	1900	greinanleg	engin hætta		744582	510703
2064-402		óþekkt, varða, kuml?	hleðsla	800	1900	greinanleg	engin hætta		744585	510636

Litla-Breiðuvík - Hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-403		óþekkt, kofi	tóft	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		744537	510594
2064-404		óþekkt	steinalögn	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		744508	510631
2064-405		óþekkt, kuml?	hleðsla, steinalögn	800	1900	greinanleg	engin hætta		744495	510627
2064-406		óþekkt	hleðsla	800	1900	greinanleg	engin hætta		744527	510553
2064-407		heyttóft?	tóft	800	1900	illgreinanleg	hætta	landbrot	744612	510424
2064-408		húsgrunnur	hleðsla	1800	1910	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744622	510423
2064-409		sjóhús	niðurgröftur, steinsteypa	1800	1900	greinanleg	mikil hætta	landbrot	744619	510452
2064-410		óþekkt, kofi	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		744615	510456
2064-411		óþekkt	þúst	800	1900	greinanleg	engin hætta		744645	510513
2064-412		óþekkt	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		744636	510533
2064-413		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		744891	510593
2064-414		fjánhús, hlaða	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		744945	510535
2064-415		óþekkt	niðurgröftur, hleðsla	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		745061	510396
2064-416		varða	kennimark	1900	1900	vel greinanleg	engin hætta		745052	510618
2064-417		leikstaður	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		744951	510624
2064-418		matjurtagarður	hleðsla	1900	1970	vel greinanleg	engin hætta		744926	510637
2064-419	Miðhús	fjánhús, hlaða	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		744930	510611
2064-420		óþekkt	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		744945	510721
2064-463		óþekkt, mylla?	niðurgröftur, hleðsla	1800	1900	illgreinanleg	hætta	landbrot	744861	510632
2064-465	Litla-Breiðuvík	híbýli	heimild	1600	1970	horfin	engin hætta		744898	510722
2064-466		óþekkt, matjurtagarðu	niðurgröftur	1800	1900	illgreinanleg	engin hætta		744916	510690
2064-467		fjánhús	heimild	1800	1970	horfin	engin hætta		744877	510625
2064-468		fjós	heimild	1600	1970	vel greinanleg	engin hætta		744695	510590
2064-469		mótekja, torftekja	niðurgröftur	1600	1970	vel greinanleg	engin hætta		745670	510782
2064-472		mótekja	niðurgröftur	1600	1970	vel greinanleg	engin hætta		744701	510387
2064-476	Höfnin	höfn	heimild	800	1970	greinanleg	engin hætta		744857	510628
2064-477	Litla-Breiðuvík	híbýli	heimild	1600	1970	horfin	engin hætta		744765	510526
2064-478		skurður	niðurgröftur	1900	1950	vel greinanleg	engin hætta		744607	510428
2064-479		þurkkreitir	hleðsla	1800	1910	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	744607	510428
2064-496		varða	hleðsla	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		746072	508710
2064-497		varða	hleðsla	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		745356	509475
Grasbýlið Bjarg										
2064-377	Bjarg	túnahreinsun	grjót	1905	1970	vel greinanleg	engin hætta		744949	510191
2064-378	Bjarg	óþekkt	tóft	1905	1970	vel greinanleg	engin hætta		744878	510309
2064-379	Bjarg	híbýli	steinsteypa	1905	1970	vel greinanleg	engin hætta		744886	510337

Litla-Breiðuvík - Hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-380	Bjarg	óþekkt	tóft	1905	1970	vel greinanleg	engin hætta		744872	510334
2064-381	Bjarg	matjurtagarður	niðurgröftur	1905	1970	vel greinanleg	engin hætta		744889	510346
2064-382	Bjarg	fjárhús	niðugröftur	1905	1970	illgreinanleg	engin hætta		744932	510355
Óstaðsettar minjar										
2064-498		heimild	smiðja			horfin				
2064-499		heimild	skemma			horfin				
2064-500		heimild	lifrarbræðsla			fannst ekki				
2064-501		heimild	brunnur			fannst ekki				



2064-368

Kort 2. Ketilbúastekkur



2064-363

2064-366

2064-367

2064-365

2064-363

2064-366



0 10 20 30 40
m

Kort 3. Hnúanaust



2064-376



2064-375



2064-374



2064-373



2064-369



2064-370



2064-371



2064-372



Kort 4. Bjarg



0



50
m

Kort 5. Litla-Breiðuvík, heimatún



2064-466

2064-463

2064-467

2064-465

2064-419

2064-418

2064-477

2064-468

2064-417

2064-414

2064-420



0 25 50 m

Kort 6. Minjar við og umhverfis Höfnina



2064-413

2064-412

2064-411

2064-410

2064-479

2064-408

2064-409

2064-391

2064-390

2064-476

2064-387

2064-389

2064-387

2064-386

2064-385

2064-384

2064-383

2064-393

2064-392

0 50 100 m

2064-401



Kort 7. Minjar norðan túns



2064-402



2064-403



2064-405



2064-406



2064-404



2064-407



2064-413



2064-412



2064-411



2064-410



0 50 m



Kort 8. Borgarhóll



2064-398

2064-397

2064-396

2064-395

2064-394

2064-400